Rasmus fer á flakk

Bókmenntir

Sigurður Haukur Guðjónsson

RASMUS FER Á FLAKK
Höfundur: Astrid Lindgren
Teikningar: Eric Palmquist
Þýðing: Sigrún Árnadóttir
Kápumynd: Brian Pilkington
Setning: S.Á.
Prentverk: Oddi hf.
Útgefandi: Mál og menning

Hversu gífurlegur er ekki mismunurinn á snillingi og fúskara? Mismunurinn á höfundi sem af náðargáfu stýrir penna sínum og hinum, sem raðar saman orðum undir svipuskellum græðginnar að græða á blessuðum jólunum? Ég get ekki varizt þeirri hugsun, er bækurnar taka að hrúgast upp á borði mínu, sumar meistaraverk, aðrar hreinn leirburður, sem eiga ekki erindi við nokkurn mann, heldur ruslatunnuna eina. Því er vandi þeirra er velja barni bók mikill, já, kynnið ykkur vel, það sem um bækurnar er ritað og berið það saman, látið ekki auglýsingaholskeflu sölumennskunnar blekkja ykkur. Barn, sem bókina fær, er alltof, alltof mikils virði til þess að rétta því hvað sem er.


En hér er bók, sem engan svíkur, því að allt fer saman, frábær höfundur, athyglisvert efni, mjög góður þýðandi og frágangur allur er til fyrirmyndar.

Sagan er af Rasmusi, 9 ára gömlum snáða, föður- og móðurleysingja, á upptökuheimilinu Vesturmörk. Af frábærum skilningi lýsir höfundur einmanakenndinni, þrá barnanna til þess að vera elskuð og að elska, draumi þeirra um að sá eða sú komi, er þetta geti þeim veitt. En Rasmus litli er hinn mesti hrakfallabálkur, og þar kemur, að ólán hans kallar yfir hann hirting að morgni. Þeirrar stundar bíður snáðinn ekki, flýr. Þá er það að hamingjan gengur upp að hlið hans, hann kynnist Útigangs-Óskari, guðs útvalda gauki. Samskiptum drengsins og „flækingsins" er meistaralega lýst, góðvild til alls og allra; vizka úr gullakistum kynslóðanna; hrottaskapur illmenna; allt þetta er leitt inná sviðið, látið takast á, og hið góða ber sigur að lokum. Það mun fáum leiðast lesturinn, slík er snilli höfundar, spenna og eftirvænting kallar á lestur næstu síðu, þar til bókin er öll.

Þýðing Sigrúnar er mjög góð, orðaforði hennar mikill, stíllinn lipur og tær. Þess vegna læt ég það eftir mér



að benda henni á þau örfáu skiptin er ég hrökk við, við lestur bókarinnar: „. . . **upphugsa** honum til handa". (24); 2 hestar og þrjár manneskjur eru í mínum huga ekki **hersing** (26); „Það er óþarfi að vera eins og angistin uppmáluð **út af því.**" Hér hefði ég fellt 3 orð niður (37); mér finnst ljótt að hugsa **út** í eitthvað (134). Slíkir hortittir eru hreinar undantekningar, en verða áberandi í svo fögru máli, sem Sigrún talar. Teikningar eru mikil bókarprýði, látlausar en sterkar. Kápumynd Brians er meistaralega gerð, hlaðin spennu og lífi. Próförk er mjög vel lesin, og prentverk allt fagmannlega unnið. Hafi Norræni þýðingarsjóðurinn og útgáfan þökk fyrir að rétta íslenzkum börnum þessa bók.





Rúna Gísladóttir við eitt verka sinna.

Bláminn allt um kring

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það hefur færst mikið í vöxt á undanförnum árum að konur og karlar á miðjum aldri snúi sér að listsköpun og eru hér konurnar í miklum meirihluta hvað myndlist varðar.

Þessi þróun er um margt af hinu góða og t.d. engu síðri en er fólk á þessum aldri fer út í hug- eða raunvísindagreinar í háskóla.

Listir eru stöðugt að tengjast meira almennu lífi og verða eign fjöldans, sem er í réttu hlutfalli við stóraukna möguleika almennings að nálgast og njóta lista á tækniöld.

Einn af fulltrúum þessarar kynslóðar telst **Rúna Gísladóttir,** sem heldur um þessar mundir sína fyrstu málverkasýningu í austursal Kjarvalsstaða.

Áður en Rúna fór út í málaralist hafði hún stundað kennslu og fengist við ritstörf um árabil, m.a. skrifað nokkrar barnabækur. En nú er það sem sagt myndlistin, sem Rúna hefur helgað sig af fullum krafti frá því að hún útskrifaðist úr MHÍ árið 1982.

Það er mikill fjöldi mynda á sýningu Rúnu og skiptast þær í málverk og klippimyndir.

Af sýningunni í heild að marka er Rúna öðru fremur á heimavelli í klippimyndunum, þar er öryggi hennar stórum meira og vinnubrögð markvissari en í málverkunum.

Einhvern veginn kemst efniskenndin betur til skila í klippimyndunum og þá einkum þeim minnstu. Það er einungis í örfáum málverkanna að Rúna nær sama myndræna árangri og þá einkum í myndunum „Við fjallavötnin fagurblá" (16), „Lotning" (32), „Leit" (33) og „Samsemd" (58). Í öllum þessum myndum nær Rúna sannfærandi blæbrigðum í formum, ljósbrigðum og lit. Þá færist hún miklu meira í fang hvað öflugt samspil forma og lita snertir í myndunum „Glaðvær leikur" (18) og „Formaleikur" (41) og kemst allvel frá því. Slík tilþrif hefði Rúna mátt sýna í fleiri málverkum, því satt að segja virka litirnir oft ósannfærandi og formin naumast nægilega hnitmiðuð á myndfletinum.

Það sem hér skortir á er viljinn til að taka áhættu og spenna upp myndflötinn með rismikilli og sannfærandi burðargrind, svo sem einmitt má sjá gert í Vestursal, þótt samanburður sé ekki réttlátur, þar sem að í hlut á þjálfaður atvinnumálari.

Rúna notar mikið bláan lit í myndir sínar, sem að sjálfsögðu er í besta lagi, en litameðferðin virkar gegnumgangandi of einhæf og er tæpast nægilega safarík.

Hér er mikið færst í fang með frumraun á Kjarvalsstöðum, en hefði verið í lagi með töluverðri grisjun mynda og nokkrum átakamiklum myndum í líkingu við hinar fyrrnefndu nr. 18 og 41 til viðbóta. Að öðru leyti ber að óska listakonunni til hamingju með sýninguna.

